



Bjarg

Deild fyrir nemendur í leit að alþjóðlegri vernd

Skólanámskrá Hvaleyrarskóla II. og III. hluti

Skólaárið 2024 – 2025



Skólanámskrá Hvaleyrarskóla
Útgefin 2024

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður
Ábyrgð: Kristinn Guðlaugsson skólastjóri

Útgefandi: Hvaleyrarskóli
Akurholti I
220 Hafnarfjörður

netfang: hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is
veffang: <http://www.hvaleyrarskoli.is> Skólanámskrá Hvaleyrarskóla



Efnisyfirlit

II. Skólastarf í Bjargi	4
II.1. Samantekt kennslu í Bjargi	5
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í Bjargi.....	6
II.3. Kennsluáðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í Bjargi.....	7
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.....	8
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi	8
III. Námsvið og námsgreinar.....	9
III.1. Lykilhæfni	10
III.2. Íslenska	11
III.3. List- og verkgreinar	14
III.4. Náttúrugreinar – útikennsla	14
III.5. Samfélagsgreinar	15
III.6. Skólaípróttir	16
III.7. Ípróttir.....	17
III.8. Sund	19
III.9. Stærðfræði.....	21
III.10. Upplýsinga- og tæknimennt.....	21





II. Skólastarf í Bjargi

Í Hvaleyrarskóla er starfrækt móttökudeild fyrir nemendur í leit að alþjóðlegri vernd. Deildin sem hlaut nafnið Bjarg var stofnuð á vordögum 2017.

Markmiðið með deildinni er að taka vel á móti börnum sem koma úr mjög erfiðum aðstæðum og hafa sum hver verið á flótta allt sitt líf. Skólaganga þeirra er oft mjög brotin og mörg hafa ekki verið í skóla lengi. Lögð er áhersla á að hjálpa börnunum við inngildingu í íslenskt skólakerfi hægt en örugglega þannig að skólaganga þeirra verði sem farsælust.

Þær námsgreinar sem lögð er aðal áhersla á eru íslenska, stærðfræði, lífsleikni, íþróttir og list-og verkgreinar, auk ensku þar sem það á við.

Lögð er áhersla á að styðja við foreldra nemendanna og aðstoða þá við að setja sig inn í íslenskt skólakerfi. Foreldrar eru hvattir til að koma í skólann og fylgjast með börnum sínum í leik og starfi.

Nemendur eru jafnframt nemendur í almennum bekkjum og fara með jafnöldrum í skólaíþróttir, list-og verkgreinar fljótlega eftir að þeir hefja nám í Bjargi. Þannig er stuðlað að því að þau einangrist ekki í Bjargi heldur eignist vini og læri smám saman að vera nemendur í íslenskum skóla. Með þeim hætti er unnið í anda skóla án aðgreiningar því stefnan er að nemendurnir fari meira inn í bekki eftir því sem kjarkur og geta eykst.

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvern nemanda og leitast er við að fylgja markmiðum eins og unnt er. Taka þarf tillit til þess að nemendur í deildinni eru að koma og fara og stoppa mislengi í deildinni þar sem þeir ýmist fara úr landi, fá landvistarleyfi og flytjast þá í heimabekki eða aðra skóla.

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi Bjargs

Þar sem flestir nemendur Bjargs eiga sögu um brotna skólagöngu þarf að taka tillit til þess í allri skipulagningu náms. Þessi námskrá er til viðmiðunar fyrir umsjónarkennara/kennara og verður höfð til hliðsjónar í allri áætlun um einstaklingsmiðað nám.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu deildarinnar
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluáætlaður, kennsluáætlanir og kennslugögn í deildinni
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi



II.1. Samantekt kennslu í Bjargi

Ekki er unnt að tilgreina fjölda kennslustunda á viku þar sem nemendur eru á misjöfnu stigi í náminu og skóladagurinn mislangur hjá þeim.

Námssvið	Námsgreinar	Tíma fjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	
2. Erlend tungumál	2.1. Enska	
3. List- og verkgreinar	A Listgreinar: 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt 3.4. Skák B Verkgreinar: 3.5. Heimilisfræði 3.6. Hönnun og smíði 3.7. Textílmennt	
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði, útikennsla	
5. Samfélagsgreinar	5.1. Siðfræði og trúarbragðafræði 5.2. Jafnrétti og lífsleikni 5.3. Landfræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	
6. Skólaþróttir	6.1. Íþróttir 6.2. Sund	3,0 2,0 1,0
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði	
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	
Alls		



II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í Bjargi

Í deildinni eru áherslur á sex grunnþætti menntunar í samræmi við stefnu skólans og áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar eru settar fram í markmiðum:

Grunnþættir	Efnisþættir
LÆSI	<ul style="list-style-type: none"> að kenna nemendum að vera læsir á umhverfi sitt með hliðsjón af ýmsum færniþáttum að nemendur geti tjáð sig og verið færir í samskiptum að nemendur nái að tileinka sér listir, tækni o.fl. sem lagt er til grundvallar varðandi grunnþætti menntunar (sjá 2. kafli í aðalnámskrá bls. 48) að nemendur geti tileinkað sér það nám sem lagt er til grundvallar og nýtt það til sjálfstæðra vinnubragða
SJÁLFBÆRNI	<p>Í deildinni verður lögð áhersla á SJÁLFBÆRNI út frá eftirfarandi efnisþáttum:</p> <ul style="list-style-type: none"> að nemendur læri að ganga vel um og virða umhverfi sitt
MANNRÉTTINDI OG LÝÐRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> að læra að setja sig í spor annarra, samkennd, samúð, samlíðan, samábyrgð að vinna markvisst að lýðræðislegri kennslu í skólastarfi s.s. hópvinnu bekkjarfundum, þátttökunámi og samfélagsverkefnum að geta skilið heiminn í kringum sig, verið meðvituð um eigin stöðu og annarra og viðurkenningu á hæfileikum og þroskamöguleikum bera virðingu fyrir lífinu
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	<ul style="list-style-type: none"> að vinna út frá hugmyndafræði heilsueflandi grunnskóla að hvetja og fræða nemendur um hollt og gott nesti skólamaturlæsi að hvetja og ræða mikilvægi nægs svefns, tannumhirðu og almenns hreinlætis að vera þátttakandi í heilsueflandi verkefni, t.d. lífshlaupið, göngum í skólann, Hafnarfjörður á iði, fjölgreindaleikar að vinna út frá geðorðunum 10
JAFNRÉTTI	<ul style="list-style-type: none"> að nemendur temji sér gagnrýna hugsun að hvetja nemendur óháð kyni og þjóðerni til þátttöku í öllu skólastarfi að allir geti eitthvað en enginn getur allt að ræða opinskátt um Ísland sem fjölmenningsamfélag
SKÖPUN	<ul style="list-style-type: none"> að stuðla að frumkvæði einstaklingsins að stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður að nemendur uppgötvu, njóti, örvi forvitni og áhuga, virki ímyndunarafl og leiki sér með möguleika að nota leik sem námsaðferð og opna víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna fái að njóta sín að efla sjálfstæði nemenda að auka meiri samþættingu milli námsgreina

II.3. Kennsluáætlun, kennsluáætlanir og kennslugögn í Bjargi

i. Kennsluáætlun

Bjarg hefur eina kennslustofu til umráða og aðgang að annarri kennslustofu á sama gangi, auk 1 fundarýmis í skrifstofu deildarstjóra.

ii. Kennsluáætlanir

Einstaklingsáætlun er gerð fyrir hvern nemanda Bjargs þar sem námsmarkmið eru sett fram. Umsjónarkennari gerir auk þess vikuáætlun fyrir hverja viku.

iii. Náms- og kennslugögn

Nemendum Bjargs er mætt þar sem þeir eru staddir þegar þeir hefja nám í Hvaleyrarskóla. Þeir fylgja jafnöldrum eins og kostur er en þar sem því verður ekki við komið fá nemendur sérhæft námsefni. Allir nemendur í Bjargi fá sérhæfða kennslu í íslensku sem annað mál og námsefni þar að lútandi. Nemendur fá ritföng og skrifæri í skólanum.

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	<ul style="list-style-type: none"> Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar). Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.
Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá öll ritföng og hjálpargögn í Bjargi, eins og þurfa þykir.

Í íþróttum eiga nemendur að vera í íþróttafötum. Þeir mega hvort heldur sem er vera berfættir eða í tátíljum/stjörnusokkum en ekki er æskilegt að vera í íþróttaskóm fyrr en að nemendur stunda nám á miðstigi. Í sundi er óskað eftir því að stúlkur séu í sundbol en ekki bikiní og að drengir séu í sundskýlu en ekki íþróttastuttbuxum. Sundgleraugu eru nauðsynleg.

II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf

Foreldrar nemenda í Bjargi koma frá ýmsum löndum og eiga það allir sameiginlegt að tala ekki íslensku. Menningarheimar þeirra eru einnig mismunandi og lögð er áhersla á að koma til móts við foreldrana eins og kostur er. Sumir þeirra hafa verið á flóttu lengi og búa yfir erfiðri reynslu. Því ber að varast að gera of miklar kröfur til þeirra um heimanám og fleira. Þar sem foreldrar eru í stakk búnir til að aðstoða börn sín við heima nám ætti að nýta það.

Fundað er reglulega með aðstandendum nemenda Bjargs en foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann. Þeir fá nauðsynlegar upplýsingar á ensku og á þeirra tungumáli ef kostur er á því. Túlkar eru í flestum viðtölum. Foreldrum er einnig afhentur bæklingur á ensku, spænsku eða arabísku þar sem farið er yfir helstu atriði er varða skólagöngu barna þeirra.

II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Sé þess nokkur kostur er stuðst við eftirfarandi vitnisburðarkerfi:

Námsmat í deildinni greinist í tvennt, leiðsagnarmat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum).

Framkvæmdin í deildinni er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í þeim námsgreinum sem nemandinn ræður við. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. A.m.k. tvisvar á ári er farið yfir stöðu nemenda á fundi með nemenda foreldri/foreldrum og umsjónarkennara.

b. Lokamat:

Lokamat hefur þann megintilgang að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námstíma skólaárs. Matsaðferðir við lokamat ákvarðast af markmiðunum en matið er oftast byggt á skriflegum prófum eða fjölbreyttum lokaverkefnum nemenda. Með lokamati er lögð áhersla á að meta þekkingu og skilning nemenda á námsefninu, hvernig þeim tekst að beita þekkingu sinni og hvernig þeir greina og nota mismunandi aðferðir við ákveðin viðfangsefni. Lokamat sýnir hversu vel nemendum gengur miðað við hæfniviðmið/námsmarkmið einstaklingsins.



III. Náms svið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í deildinni. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind náms svið og eitt opið (val) en hverju náms sviði heyrja mismargar námsgreinar. Fyrir hvert náms svið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju náms sviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í flestum tilfellum fá nemendur Bjargs sérstakt og sérsniðið námsefni. Reynt er þó að styðjast við markmið sem fram koma í lykilhæfni þessa plaggs. Markmið þessi eru tekin úr námskrá við lok 1. bekkjar.

Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að meta alla nemendur Bjargs við lok skólaárs þar sem þeir koma og fara allt skólaárið.





III.1. Lykilhæfni

Lykilþáttur	Bjarg
TJÁNING OG MIÐLUN	<p>Við lok skólaárs getur nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> talað fyrir framan hóp hlustað á aðra í hóp án þess að grípa fram í tjáð sig um viðfangsefni sem eru í umræðunni eins og kostur er miðað við færni í íslenskum t.d. hjálp þýðingarforrita sagt frá hugsunum sínum og skoðunum eins og kostur er miðað við færni í íslenskum t.d. hjálp þýðingarforrita
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<p>Við lok skólaárs getur nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> unnið verkefni eftir munnlegum fyrirmælum metið eigin verk út frá fyrir fram gefnum þáttum gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og í lagi að gera mistök gert sér grein fyrir hvað eru staðreyndir skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	<p>Við lok skólaárs getur nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> unnið eftir einföldum fyrirmælum í máli og myndum gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir unnið með öðrum í litlum hópum tekið að sér ákveðið hlutverk með leiðsögn kennara hlustað á leiðsögn kennara
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	<p>Við lok skólaárs getur nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> leitað sér upplýsinga munnlega í sínu nánasta umhverfi gert sér grein fyrir ólíkum miðlum til upplýsingaöflunar þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	<p>Við lok skólaárs getur nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> skilið hvað felst í að meta eigin frammistöðu skilið hvað námsmarkmið eru stuðst við einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám

III.2. Íslenska

Íslenska sem annað tungumál

Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri íslensku allt frá fyrsta skóladegi enda er íslenskan lykillinn að íslensku samfélagi og því að geta tekið virkan þátt í lýðræðissamfélagi.

Hæfnirammur

Hæfnirammarnir eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Römmunum er ætlað að lýsa hæfni sem krafist er í notkun íslensku á öllum sviðum tungumálanáms. Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur stöðu hans í íslensku. Þó má gera ráð fyrir að yngri nemendur fylgi viðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í skemmri tíma en þeir eldri.

Forstig er fyrir nemendur með litla sem enga þekkingu á íslensku tungumáli, þá sem eru ólæsir í móðurmáli sínu, þekkja ekki latneskt stafróf eða þurfa sérstaka þjálfun í íslenskum málhjóðum og að tengja þau við rittáknin. Áherslan er á lestur og íslenskt hljóðkerfi á þessu stigi. Þær hæfnilysingar sem eiga við forstig eru þau viðmið sem unnið skal að. Að loknu forstigi er miðað við að nemendur nái hæfni sem lýst er á 1. stigi að því gefnu að hæfniviðmiðum forstigs sé náð.

1. stig er fyrir nemendur sem teljast byrjendur í íslensku en eru vel læsir í móðurmáli, þekkja latneskt letur og eiga auðvelt með að tileinka sér íslensk málhjóð og íslensk rittákn. Áhersla er á grunnorðaförða, grunnþekkingu í íslenskri málfræði, einfaldar ritunaræfingar, mikinn lestur og hlustun auk markvissrar talþjálfunar í almennu, daglegu tali.

2. stig. Hér eru nemendur orðnir nokkuð færir í munnlegri tjáningu og hafa daglegan orðaförða nokkurn veginn á valdi sínu. Mikil orðaförðasöfnun á sér stað á þessu stigi og málfræðinotkun eflist samhliða. Kröfur um hæfni í rituðu máli aukast og áhersla er lögð á námsorðaförða eftir því sem kostur er. Nemendur fylgja aðlöguðum námsáætlunum í öllum bóklegum greinum.

3. stig. Hér eru nemendur komnir með góðan grunn í íslensku og geta einbeitt sér að því að safna orðaförða og þróa færni sína í námstengdri málnotkun á breiðum grunni á öllum hæfnisviðum. Þegar nemendur hafa náð þeirri hæfni sem lýst er á þriðja stigi eiga þeir að geta fylgt almennum aldurstengdum viðmiðum og námsáætlunum í öllum bóklegum greinum en með stuðningi ef þarf.

Í Bjargi fylgja nemendur að mestu leyti for- og 1. stigi þar sem þeir staldra að jafnaði stutt við þó vissulega séu undantekningar á því. Í þeim tilfellum sem nemendur ílengjast í Bjargi eða ná hæfni umfram 1. stig fá þeir kennslu í íslensku sem öðru máli samkvæmt námskrá í íslensku sem annað tungumál.

Forstig, nemandi:

Lestur		
Tengir íslensk máhljóð við rittákn þeirra. Byrjar að þjálfá sig í umskráningu og nær byrjunarfærni í lesfimi.	Getur lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni.	Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.
Getur lesið mjög einfaldan texta með stuðningi t.d. mynda		
Hlustun		
Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt, s.s. einfaldar spurningar og svör.	Skilur mjög einfaldar leiðbeiningar með stuðningi mynda, látbragðs o.fl.	Greinir einstök orð og tölustafi sem kennd hafa verið í einföldu hljóð og myndefni.
Skilur grunnorðaforða, orð á I. þrepi: orð yfir hluti, fólk, dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skóla, frístundinni og heima.		
Talað mál, samskipti og frásögn		
Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.	Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.	Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.
Kann grunnorðaforða, orð á I. þrepi: getir nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.	Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.	Getur stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer.
Ritun		
Getur skrifað íslenska stafrófið eftir fyrirmynd.	Þekkir íslenskan rithátt.	Getur afritað orð og setningar.
Getur skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.	Getur skrifað nafnið sitt.	Getur teiknað röð mynda og með aðstoð skrifað stök orð eða setningar til að lýsa því sem er að gerast á myndunum (einföld dagbók).



Fyrsta stig, nemandi:

Hlustun		
Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt.	Skilur að nokkru leiti leiðbeiningar og það mál sem notað er í kennslustofunni ef talað er hægt.	Fylgir meginþræði og greinir upplýsingar í einföldum, kunnuglegum frásögnum með sjónrænum stuðningi og orðaforða sem hefur verið kenndur.
Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk, dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.		
Lestur		
Þekkir íslenska stafrófið og íslensku málhjóðin.	Getur lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar.	Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.
Getur lesið mjög einfaldan texta með stuðningi, t.d. mynda.		
Talað mál, samskipti og frásögn		
Getur með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er vara hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.	Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.	Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.
Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi í skólanum, frístundinni og heima.	Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni	Getur með takmörkuðum orðaforða lýst hlut eða mynd með því að hafa undirbúið sig fyrir fram.
Ritun		
Getur skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig.	Getur skrifað nafnið sitt, heimilisfang og nafn skólans.	Getur skrifað orð og orðasambönd til að lýsa hversdaglegum hlutum (t.d. stærð eða lit).
Getur skrifað einfaldar setningar til að lýsa atburðum í myndasögu.	Getur fært dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólki og stöðum í stuttum setningum.	Hefur grunn þekkingu á íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.





III.3. List- og verkgreinar

Nemendur í Bjargi fylgja jafnöldrum sínum í list-og verkgreinum. Þar sem nemendur í Bjargi geta verið á aldrinum 6 – 16 ára er of langt mála að telja upp námsmarkmið fyrir hvern árgang og því er vísað í Skólanámsskrá árganga. Taka þarf sérstakt tillit til nemenda í Bjargi þar sem þau hafa ekki vald á íslensku máli. Í mörgum tilfellum henta list- og verkgreinar nemendum í Bjargi vel. Námsmatið má aldrei miðast við kunnáttu í tungumálinu.

Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í list- og verkgreinum í lok námstíma.

List- og verkgreinar sem nemendur Bjargs taka þátt í:

- Sviðslistir (dans og leiklist), kennt í 1. - 6. bekk
- Sjónlistir (myndmennt), kennt í 1. - 9. bekk
- Tónmennt, kennt í 1. - 9. bekk
- Skák, kennt í 3. - 6. bekk
- Heimilisfræði, kennt í 1. - 9. bekk
- Hönnun og smíði, kennt í 3. - 9. bekk
- Textílmennt, kennt í 1. - 9. bekk

III.4. Náttúrugreinar – útikennsla

Nemendur í Bjargi fá kennslu í náttúrugreinum eins og aðstæður leyfa. Mest er nálgunin í gegn um útikennslu og náttúruskoðun. Í einstaklingsnámskrá hvers nemanda er sagt til um hæfnimarkmið, leiðsagnarmat og lokamat.





III.5. Samfélagsgreinar

Námshæfni – viðmið og mat

Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum. Lífsleikni og jafnrétti

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda:

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum
Reynsluheimur:	<p>Kennslan í Bjargi miðar að því að nemandinn geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir mikilvægi þess að sýna sjálfum sér og öðrum virðingu • gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni • sagt frá fjölskyldu sinni og gert sér grein fyrir að fólk býr við mismunandi fjölskyldugerðir • gert sér grein fyrir helstu hátíðum og siðum í íslensku samfélagi • áttað sig á gildi þess að hjálpast að og hugsa um náungann • verið meðvitaður um hættur í næsta nágrenni sínu
Hugarheimur:	<p>Kennslan í Bjargi miðar að því að nemandinn geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum • rætt um mismunandi tilfinningar s.s. gleði, reiði, sorg, depurð • gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
Félagsheimur:	<p>Kennslan í Bjargi miðar að því að nemandinn geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í samstarfi og samræðum í jafningjahópi • sýnt tillitssemi, virðingu og umhyggju í samskiptum og samvinnu við jafnaldra og aðra • áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna • gert sér grein fyrir merkingu yfirheita skólans; kurteisi, ábyrgð og samvinna • skilji mikilvægi þess að geta fylgt skóla- og bekkjarreglum og áttað • skilji þær reglur, skráðar sem óskráðar sem gilda í íslenskum skólum



III.6. Skólaíþróttir

Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í skólaíþróttum í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) umsögnum til að meta viðmiðin sem liggja til grundvallar námsmati í lok annar.

Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum – íþróttir og sund

Nemendur í Bjargi fylgja sínum árgangi í íþróttum en eru flestir í sérkennslu í sundi

Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindir fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar Að nemandi:
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	<ul style="list-style-type: none"> taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi, ásamt því að efla almenna líkamshreysti þjálfist í æfingum og leikjum sem efla liðleika, líkamsreisl og líkamsstöðu
JAFNRÉTTI:	<ul style="list-style-type: none"> hafi rétt til þátttöku í íþróttum til jafns við aðra
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	<ul style="list-style-type: none"> hafi fengið tækifæri til að kjósa með lýðræðislegri kosningu um val á hreyfingu/leik í skólaíþróttum/sundi, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á skipulagið
LÆSI:	<ul style="list-style-type: none"> fái tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan þekki heiti helstu líkamshluta tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, línu, hring og hóp tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja
SJÁLFBÆRNI:	<ul style="list-style-type: none"> fái tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi reglubundinnar hreyfingar og einnig í lok æfingar og skilji hvers vegna
SKÖPUN:	<ul style="list-style-type: none"> tileinki sér helstu samskiptareglur og færni eins og að hlusta, hlýða, tjá skoðun, bíða og bregðast við

III.7. Íþróttir

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla. Hér fyrir neðan má sjá yfirmarkmið með íþróttakennslu. Þar sem nemendur í Bjargi geta verið á aldrinum 6 – 16 ára er of langt mál að telja upp námsmarkmið fyrir hvern árgang og því er vísað í Skólanámsskrá árganga.

Tímafjöldi: Tvær 40 mínútna kennslustundir að jafnaði á viku yfir heilt skólaár.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Viðfangsefni 1; Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska
 - Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki
- Viðfangsefni 2; Rytmiskar leikfímiaæfingar
 - með bolta, hringi, sippubönd, bönd, keilur
 - án smáhalda
- Viðfangsefni 3; Áhaldafimleikar
 - Hindranahlaup, gólfæfingar, stökk, sveiflur, klifur, að róla sér, að svífa um gangandi
- Viðfangsefni 4; Leikir
 - Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, samvinnuleikir, hugmyndaleikir, ratleikir
- Viðfangsefni 5; Frjálsíþróttir
 - Hlaup, stökk, köst
- Viðfangsefni 6; Sértekir námsþættir
 - Skólaþrekmót, gönguferðir.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsgagn 1 : Áhöld í íþróttasal
 - **Minni áhöld:** Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, combi sett, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.
 - **Stærri áhöld:** Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.
- Námsgagn 2 : Áhöld í skóla og á skólalóð
 - **Minni áhöld:** Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.
 - **Stærri áhöld:** Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Leið 1: Kennsla í íþróttahúsi
 - Íþróttasalur
- Leið 2: Kennsla utanhúss
 - Ásvellir
- Leið 3: Kennsla heima





- Unnið er með skipulag þjálfunar (hreyfingar) í ákveðinn tíma
 - Við upphaf kennsluárs
 - Um mitt kennsluár
 - Við lok kennsluárs
 - dagleg hreyfing borin saman milli tímabila

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Aðferð 1: Kennsluaðferðir
 - Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaræfingar, námsleikir, verkstæðiskennsla (stöðvaþjálfun), áfangþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, spurnaraðferðir, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, leitaraðferðir, kannanir, hópvinubrögð, frásögn og sagnalist, sjónsköpun, hugarflug, leikræn tjáning, sviðsetning, söguaðferð.
- Aðferð 2: Kennsluaðferðir og leiðir
 - iPad og tengd tækni

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- Leið 1: Heilsa og velferð;
 - Námsmat
 - Markmiðasetning og framfarir
- Leið 2: Hreyfing og afkastageta;
 - Námsmat
 - Færni- og afkastagetupróf
 - Sipp
 - Froskahopp
 - Spretthlaup 40m
- Leið 3: Félagslegir þættir og samvinna;
 - Námsmat
 - Virkni í kennslustundum
- Leið 4: Öryggi og skipulag;
 - Námsmat
 - Að fara eftir reglum



III.8. Sund

Þeir nemendur Bjargs sem eru ósyndir við upphaf skólagöngu og eru í 5. - 10. bekk fara á sundnámskeið fjórum sinnum í viku frá 1. september til 15. desember. Markmið námskeiðsins er að gera nemendur synda (sjálfbjarga) í lauginni á skömmum tíma. Sundkennari frá Sundfélagi Hafnarfjarðar sér um kennsluna. Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemendur fylgi jafnöldrum í sundi. Nemendur í 1. - 4. bekk fylgja jafnöldrum í sundi. Hér fyrir neðan má sjá yfirmarkmið með sundkennslu. Þar sem nemendur í Bjargi geta verið á aldrinum 6 – 16 ára er of langt mál að telja upp námsmarkmið fyrir hvern árgang og því er vísað í Skólanámsskrá árganga.

Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir heilt skólaár.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Viðfangsefni 1: Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
 - Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, þoli, krafti og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar.
- Viðfangsefni 2: Bringusund
 - Að nemandi þjálfist í bringusundsfótatökum við bakka með eða án hjálpartækja.
- Viðfangsefni 3: Öndun
 - Að nemandi þjálfist í að standa í botni, anda að sér og síðan frá með andlitið í kafi 10 sinnum í röð.
- Viðfangsefni 4: Spyrnustaða
 - Að nemandi þjálfist í að spyrna frá bakka og renna með andlitið í kafi 2,50 metra eða lengra.
- Viðfangsefni 5: Leikir
 - Að nemandi geti tekið þátt í ýmsum leikjum til að öðlast færni í samvinnu, aukið þol, kraft, hraða og viðbragð.
- Viðfangsefni 5: Félagslegir þættir
 - Að nemandi læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu samnemenda.
 - Að nemandi fái tækifæri til að bæta félagsþroska sinn og samskipti.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsgagn 1; Áhöld í sundlaug
 - Kútar, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Leið I: Kennsla fer fram í
 - Ásvallalaug
 - Suðurbæjarlaug
 - *Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:*
 - Við upphaf kennsluárs.
 - Um mitt kennsluár.



- Við lok kennsluárs.
- Leið 2: Heimanám (foreldrar)
 - Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Aðferð 1: Kennsluaðferðir
 - Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköpun.
- Aðferð 2: Kennsluaðferðir og leiðir
 - iPad og tengd tækni.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- Leið 1: Heilsa og velferð;
 - Námsmat
 - Framfarir
- Leið 2: Hreyfing og afkastageta;
 - Námsmat
 - 1. sundstig
- Leið 3: Félagslegir þættir og samvinna;
 - Námsmat
 - Virkni í kennslustundum
 - Viðhorf og áhugi
- Leið 4: Öryggi og skipulag;
 - Námsmat
 - Að fara eftir reglum á sundstöðum



III.9. Stærðfræði

Nemendur í Bjargi fylgja sínum jafnöldrum í stærðfræði eins og framast er kostur. Þar sem nemendur í Bjargi geta verið á aldrinum 6 – 16 ára er of langt mál að telja upp námsmarkmið fyrir hvern árgang og því er vísað í Skólanámsskrá árganga. Þeir nemendur sem ekki fylgja jafnöldrum fá einstaklingsmiðaða námskrá. Taka þarf sérstakt tillit til nemenda í Bjargi þar sem þeir hafa ekki vald á íslensku máli. Í mörgum tilfellum hentar stærðfræði þessum börnum vel.

Námsmatið má þó aldrei miðast við kunnáttu í tungumálinu.

III.10. Upplýsinga- og tæknimennt

Nemendur í Bjargi fylgja jafnöldrum í upplýsinga- og tæknimennt eins og framast er kostur. Þar sem nemendur í Bjargi geta verið á aldrinum 6 – 16 ára er of langt mál að telja upp námsmarkmið fyrir hvern árgang og því er vísað í Skólanámsskrá árganga.

Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í upplýsinga- og tæknimennt í lok námstíma.

Taka þarf sérstakt tillit til nemenda í Bjargi þar sem þau hafa ekki vald á íslensku máli.

